

Nd.

150. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 28, 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lög nr. 53, 10. nóv. 1905, um viðauka við nefnd lög.

Flutningsmaður: Matth. Ólafsson.

1. gr.

Lög nr. 28, 14. des. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, lög nr. 53, 10. nóv. 1905, um viðauka við nefnd lög, og samþykktir samkvæmt lögum þessum, skulu einnig ná til mótorbáta þótt þiljaðir sjeu, ef þeir eru eigi stærri en 40 lestir.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 28, 11. júlí 1911.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu:

Með hverju ári fjölgar nú í flestum veiðistöðum landsins mótorbátum, sem eru stærri en 15 lestir og að sama skapi fækkar minni bátunum, eftir því sem þeir ganga úr sjer eða eru seldir til þess að kaupa stærri báta í þeirra stað.

Af þessu leiðir, að tekjur lendingarsjóðanna ryrna fremur en aukast, þótt skipastóllinn aukist og vaxi stórum að verðmæti, og er það óheppilegt og óeðlilegt.

Lög nr. 28, 11. júlí 1911, leyfa eigi að taka lendingarsjóðsgjald af þiljuðum mótorbátum, ef þeir eru stærri en 15 lestir, og er hjer því farið fram á þá breytingu, að gjaldið nái til þiljaðra mótorskipa alt að 40 lestir að stærð.